

Nd.

1266. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svolátandi:

Við ákvörðun tekjuskatts ber skattanefndum að leggja til grundvallar allar tekjur skattgreiðanda árið áður en skatturinn er á lagður, og verða tekjurnar ekki skattlagðar að óbreyttum lögum eftir þann tíma, nema þeim hafi verið leynt. Þá ber skattanefndum og að fylgja sömu reglum frá ári til árs um framkvæmd skattalaga og álagningu tekjuskatts, og verður ákvörðun skattanefnda um þessi atriði eða reglum, sem myndast hafa, ekki breytt skattgreiðendum í óhag, nema tilkynning þar um hafi verið birt með hæfilegum fyrirvara.

2. gr.

Aftan við 23. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Kostnaður við störf skattstofunnar í Reykjavík greiðist að $\frac{1}{3}$ hluta úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Utan Reykjavíkur greiðir bæjarsjóður, þar sem skattstjóri er búsettur, kostnað við störf hans að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Aftan við 56. gr. laganna (nú 64. gr., sbr. lög nr. 20 1942) bætist ný málsg., svolátandi:

Ráðherra er heimilt, þegar þörf krefur, að breyta tímaákvörðunum þeim og frestum, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.